

Borgarbyggð
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 12. desember 2017
UST201710-280/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulagsbreyting – Seláshverfi í landi Ánabrekku, Borgarbyggð

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar er barst 27. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Seláshverfis í landi Ánabrekku.

Í greinargerð kemur fram að núgildandi deiliskipulag ofangreinds svæðis er frá 1990 og að tilgangur breytingar er að uppfæra lóðamörk og vegi á svæðinu.

Náttúruminjar


Í greinargerð kemur fram að að ofangreint skipulagssvæði er vaxið birki- og viðikjarri. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 eru sérstæðir og vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leyfar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré, vistkerfi er njóta sérstakrar verndar í samræmi við 2. gr. sbr. og c-lið 3.gr. Forðast ber að raska slíkum vistkerfum nema bryðna nauðsyn beri til. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að hafa ofangreint í huga við framkvæmdir á lóðum í Seláshverfi.


Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir. (Umhverfisstofnun tók við af Hollstuvernd ríkisins árið 2002.)

Beðist er velvirðingar á að langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefansson
Sérfræðingur